

8. fundur stjórnar Siðmenntar

6. júlí 2023 | Laugavegi 158 | kl: 16:30

Mætt:

Inga Auðbjörg, Sigurður Rúnarsson, Hope Knútsson, Helga Bára Bragadóttir og Eyjólfur Örn Snjólffsson framkvæmdastjóri á staðnum. Arnar Snæberg Jónsson í fjarfundartengingu.. Mörður Árnason mætti undir lok fundar.

Fundargerð ritar: Eyjólfur Örn Snjólffsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá

1. Stjórnendahandleiðsla formanns

Formaður hefur farið þess á leit við stjórn Siðmenntar að fá styrk frá félaginu til að sækja tíma í stjórnendahandleiðslu.

Málið fór í umfjöllun og fór tillaga þess efnis að formaður fái styrk fyrir 6 skiptum fram að áramótum í atkvæðagreiðslu. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum og 1 stjórnarmaður sat hjá.

2. Ráðning

Guðrún Þóra Arnardóttir hefur verið ráðin í starf verkefnastjóra athafna hjá Siðmennt.

Guðrún Þóra er menntaður lögfræðingur frá HÍ. Hún starfaði síðast sem vef- og markaðsstjóri Sorgarmiðstöðvar og var stjórnarmeðlimur og varaformaður Barnaspítalásjóðs Hringins. Guðrún Þóra hefur fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu og félagsstörfum við markaðsmál og framþróun félaga.

Guðrún Þóra hefur störf 14. júlí 2023 og mun vinna 7 daga í júlí og verður í fullu starfi í framhaldinu. Tinna verður henni til halds og trausts fyrstu dagana en fasar sig út þegar Guðrún Þóra er komin með mest allt á hreinu.

Guðrún Þóra mun koma með okkur á heimspingið í Kaupmannahöfn.

3. Hnappheldan

Hoppað í hnapphelduna fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 21. júní síðastliðinn. Alls létu 9 pör gefa sig saman og ekki er annað hægt að segja en að viðburðurinn hafi heppnast mjög vel. Fjölmiðlaumfjöllun var mikil og jákvæð. Félagið þakkar þeim sjálfboðaliðum sem að lögðu hönd á plóg sérstaklega fyrir sitt framlag.

Stjórnin hafði veitt heimild fyrir viðburði með max 300 þúsund ISK tapi og tókst með hjálp sjálfboðaliða að gera gott betur. Niðurstaðan var -34 þúsund sem verður að teljast góð niðurstaða. Búið er að bóka Ráðhúsið aftur 21. júní 2024 fyrir HÍH 2024.

HOPPAÐ Í HNAPPHELDUNA 2023 Áætlun vs. Raun (ISK)			
TEKJUR (ISK)	ÁÆTLUN	RAUN	ATHS.
Skráningargjöld	180,000	130,000	Fjórar nýskráningar í félagið
ALLS	180,000	130,000	
KOSTNAÐUR (ISK)	ÁÆTLUN	RAUN	ATHS.
Húsnæði	0	0	Ráðhúsið frítt
Tónlist	300,000	0	Sjálfboðaliðar
Myndakassi	50,000	35,000	Instamyndir
Skreyting	15,000	15,000	Brúðarbogi
Ljósmyndari	0	64,480	Ljósmyndari Helga Dögg
FB auglýsingar	10,000	10,000	
Veitingar	38,000	15,355	Freyðivín, gos, töst, konfekt
Matur fyrir starfsfólk/sjálfboðaliða	25,000	24,470	Sæta svínið
Ófyrirséð	50,000	0	
ALLS	488,000	164,305	
HAGNAÐUR / TAP (ISK)	ÁÆTLUN	RAUN	
ALLS	-308,000	-34,305	
VINNUTÍMI STARFSFÓLKS (KLST)			
Tíma fjöldi starfsfólks við undirbúning		29	
Tíma fjöldi starfsfólks við athöfn		11	
Tíma fjöldi starfsfólks í eftirvinnu		10	
ALLS		50	

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

4. Köben

Búið að greiða fyrir alla, þanta öll flug. Enn á eftir að greiða út flugstyrki. Það verður gert við fyrsta hentuga tækifæri.

Vegna breytinga í mannskap munu Bæring Jón og Krístrún Ýr taka að sér nafngjafarworkshop og Brynhildur Björnsdóttir kynningu á hjónavígslum á Íslandi.

5. Fjármál

Búið er að lækka fastan rekstrarkostnað um rúma milljón/mánuð en framkvæmdastjóri fylgist en grannt með stöðunni.

Félagið er sem stendur með 1,5 milljón króna yfirdrátt en gert er ráð fyrir að félagið nái að greiða hann upp í kringum septembermánuð.

Enn er verið að greiða kostnaðarliði vegna fermingarathafna vorið 2023 en á móti er búið að opna fyrir fermingarskráningar fyrir vorið 2024.

6. Þingsetning

Siðmennt ætlar að bjóða þingmönnum í árlega þingsetningarathöfn félagsins 12. september. Skrifstofan mun vinna verkefnið með hefðbundnum hætti.

7. Önnur mál

Það verður Kákasusgifting 12. ágúst sem tengist hinsegindögum 2023. Siðmennt mun leggja sitt lóð á vogarskálarnar og bjóða fram krafta sína til þess að viðburðurinn verði sem jákvæðastur.

Ákvörðunarlisti

Atriði
Formaður fær styrk til að sækja stjórnendahandleiðslu, 6 skipti 2023
Guðrún Þóra hefur störf sem verkefnastjóri athafnaþjónustu
Hoppað í Hnappheldunni 2023 tókst vel, búið að bóka sal fyrir 2024
Búið að finna fólk í öll hlutverk fyrir heimsráðstefnu í Köben
Yfirdráttur verður líklega greiddur niður í kringum september
Siðmennt mun bjóða upp á þingsetningarathöfn 2023
Siðmennt mun taka þátt í giftingarathöfn á hinsegindögum 2023

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands